

Íslandslax hf - Eyjafirði  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

Akureyri, 25. maí 2020  
UST202003-115/G.S.Á.  
08.12.02

**Lokunareftirlit, 30.04. 2020, hjá Íslandslax, Eyjafirði.**

Þann 30. apríl sl. fór fram lokunareftirlit í Íslandslax, Eyjafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar komu fram.**

Virðingarfyllt

*G. Stella Arnadóttir*  
Guðbjörg Stella Arnadóttir  
sérfræðingur

*Hulda S. Jónsd.*  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Íslandslax, Eyjafirði Ystavík og Stapi, Eyjafjörður

Dags eftirlits	30.4.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Íslandslax, Eyjafirði	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Glerárgötu 30	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	430894-2349	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	542131,695 592437,58

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi rekstraraðila rann út þann 1. september 2019 og er þetta því lokaeftirlit starfsleyfisins. Engar eldiskvíar hafa verið í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu frá síðasta eftirliti, þann 20. ágúst 2018. Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í starfsleyfinu var heimild fyrir eldi á 1.000 tonnum af lax á ári en hefur starfsemi legið niðri frá árinu 2003. Rekstraraðili hafði leyfi til útsetningu kvía á tveimur staðsetningu í Eyjafirði og koma hnit þeirra fram í starfsleyfi.

Ekið var að Ystuvík og Stapa við Eyjafjörð og litið yfir kvíastæði fiskeldisins þann 28. apríl sl. í góðu veðri og var skyggni gott. Engar kvíar sáust á svæðinu og enginn rekstur merkjanlegur. Fulltrúi fyrirtækisins staðfesti í símtali þann 30. apríl sl. að ekkert fiskeldi er í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins og hefur ekki verið frá því árið 2003.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi og engin frávik eða ábendingar komu fram við lokaskoðun.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.


## ANNAD

Þar sem gildistími leyfisins rann út árið 2019 og rekstraraðili hefur tilkynn til eftirlitsaðila að engin starfsemi hafi verið á svæðinu árið 2019, er ekki um töluleg gögn í grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi að ræða fyrir árið 2019 og telst tilkynning rekstraraðila sem fullnægjandi skil.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.05.2020

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir